

Ed.

75. Frumvarp til laga

[66. mál]

um breytnig á lögum nr. 68 28. desember 1934, um útvarpsrekstur ríkisins

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

1. grein laganna orðist þannig:

Ríkisstjórnin hefur einkarétt til að reka útvarp (hljóðvarp og sjónvarp) á Íslandi. Hún lætur starfrækja í Reykjavík hljóðvarps- og sjónvarpsstöð og endurvarpsstöðvar annars staðar á landinu. Stöðvarnar og starfræksla þeirra nefnist einu nafni Ríkisútvarpið og ber undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

1. málsgrein 6. greinar laganna orðist þannig:

Hver sá maður, heimili eða stofnun, sem er eigandi viðtækis, er nota má til að hagnýta útvarp ríkisins, skal greiða til Ríkisútvarpsins árlegt afnotagjald. Innheimta skal sérstakt hljóðvarpsgjald og sérstakt sjónvarpsgjald.

3. gr.

5. málsgrein 6. greinar laganna orðist þannig:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hagnýtingu útvarps (hljóðvarps og sjónvarps), gjaldskyldu útvarpsnotenda, innheimtu afnotagjalda og greiðslur fyrir tilkynningar og auglýsingar, sem birtar eru í hljóðvarpi og sjónvarpi. Í reglugerð má ákveða, að afnotagjald skuli greiða af hverju viðtæki, þótt fleiri séu en eitt á heimili eða í stofnun, og að sérstakt gjald skuli greiða af útbúnaði til hljóðvarpsmóttöku í sjónvarps- eða talstöðvartækjum. Heimilt er að ákveða í reglugerð um innsigliun tækja vegna vanskila á afnotagjöldum og um dráttarvexti eða gjaldhækkun vegna greiðsludráttar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í gildandi lögum um útvarpsrekstur ríkisins eru engin ákvæði um sjónvarp. Í samræmi við alþjóðlega málvenju hefur hins vegar verið litið svo á, að sjónvarp (television) væri þáttur útvarps (radio), enda segir í alþjóðafjarskiptasamningnum, sem gerður var í Genf 1959 og Ísland fullgilti 1960 og 26. gr. fjarskiptalaganna nr. 30 1941 gerir ráð fyrir að hafi lagagildi á Íslandi, að orðið útvarp (radio) sé „almennt hugtak, sem tekur til notkunar útvarpsbylgna“, en sjónvarp byggist eins og kunnugt er á notkun útvarpsbylgna. Með bréfi dags. 30. janúar 1957, tilkynnti menntamálaráðuneytið Ríkisútvarpinu, að það teldi sjónvarpsmál falla undir Ríkisútvarpið. Á grundvelli þessa bréfs annaðist Ríkisútvarpið undirbúning að íslenzku sjónvarpi, en tilraunasendingar á heilli kvölddagskrá hófust 30. september s. l.

Á næstunni þarf að ákveða afnotagjald fyrir sjónvarpið og hefja innheimtu þess. Áður en það er gert þykir rétt, að tekin séu í lög skýr ákvæði um það, að sjónvarp sé þáttur útvarps, að Ríkisútvarpið skuli annast bæði hljóðvarps- og sjónvarpsrekstur og að innheimta skuli bæði hljóðvarps- og sjónvarpsgjald.

Auk þessa eru gerðar smávægilegar breytingar á gildandi lagaákvæðum. Ekki hefur þótt ástæða til að taka upp sjálfsgöð atriði, sem nú eru í 1. gr. laga nr. 68/1934, þ. e. að auka megi orku útvarpsstöðva og að ástæður skuli ráða uppsetningu nýrra stöðva. Ekki hefur heldur verið tekið upp í frumvarpið það ákvæði laga nr. 68/1934, að um orkuaukningu Reykjavíkurstöðvar og um byggingu endurvarpsstöðva fari eftir ákvörðun Alþingis hverju sinni. Hér er væntanlega átt við fjárlagaákvæði, og hefur Alþingi að sjálfsgöðu alla aðstöðu til afskipta af þessum málum með fjárlagasetningu eða á annan hátt, þótt þetta ákvæði sé fellt brott, en á hinn bóginn getur það, ef það helzt, skapað vafa um sjálfstæðan rétt Ríkisútvarpsins til nauðsynlegra framkvæmda.

Í 3. gr. er ákvæði um, að heimilt sé að krefjast afnotagjalds af sérhverju viðtæki, en eðlilegt virðist, að svo verði um sjónvarp. Þá er tekið fram, að afnotagjald hljóðvarps megi innheimta af útbúnaði til hljóðvarpsmóttöku í tækjum, sem aðallega eru ætluð fyrir sjónvarp eða talstöðvarstarfsemi. Loks er tekið fram til öryggis, að lögmat sé núverandi aðferð að hækka afnotagjald um vissa krónutölu tilteknum tíma eftir gjalddaga í stað þess að reikna í hvert sinn út dráttarvexti, sem reynzt hefur óframkvæmanlegt. Í gildandi lögum er ekki minnzt á, hvernig ákveða skuli greiðslur fyrir tilkynningar og auglýsingar, sem birtar eru í hljóðvarpi og sjónvarpi. Hér er kveðið svo á, að setja skuli ákvæði um þetta í reglugerð.